

Maí fréttablað

Gleðilegt sumar



Foreldrafundur 6 ára barna

Miðvikudaginn **2. maí** kl. 8.10 verður fundur foreldra 6 ára barna, fundurinn er haldinn í Frístundarstofunni í grunnskólanum. Á þessum fundi þurfa foreldrar að **skila uppsögn á leikskólavistinni**, svo hægt sé að skipuleggja aðlögun nýrra nemenda í leikskólann. Fulltrúi frá Frístund mætir og verður með umsóknareyðublöð fyrir næsta vetur og kynnir hvað er í boði í Frístund.

Félag eldri borgara

Í apríl komu Alda og Ása frá félagi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Tröllaheimum, heimsóknin gekk vel og hafa börnin gaman af því að fá gesti. Þetta var jafnframt síðasta heimsóknin á þessu skólaári, þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið

Tónlistarskólinn

Gestur Áskelsson kom með Guðrúnu Önnu, Sóleyju og Hildi Ósk sem spiluðu á klarínnett fyrir okkur. Stúlkurnar héldu tvenna tónleika annars vegar á Tröllaheimum og hins vegar á Hulduheimum og var börnunum á yngri deildunum boðið í heimsókn á þessar tvær deildir. Spiluðu þær nokkur lög bæði einar og saman. Var þetta jafnframt síðasta heimsóknin, í vetur, frá tónlistarskólanum og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Íþróttasýning

Íþróttasýningin gekk vel börnin voru dugleg að taka þátt í æfingum og sýndu á sér sínar bestu hliðar. Við starfsfólkið erum mjög stolt af börnunum og vonum við að gestir haft haft jafngaman að þessu. Þökkum við þeim fjölmörgu sem sáu sér fært að mæta fyrri komuna.

Útskrift 6 ára barna

Börn og starfsfólk Goðheima fer út að borða í Hendur í Höfn **2. maí** en ekki 25. apríl eins og áður var auglýst.

Þann 22. maí ætlum við að hafa útskriftarathöfn fyrir börnin sem eru að hætta í vor. Athöfnin byrjar kl. 15 og er foreldrum boðið að koma og vera viðstödd þegar börn þeirra útskrifast úr leikskólanum. Börnunum er afhent útskriftarplagg og gjöf frá leikskólanum, boðið verður upp á léttar veitingar.

Starfsmannamál

Annalyn hætti á Álfaheimum í byrjun apríl og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið. Í apríl og maí verður Arna Dögg á Álfaheimum fyrir hádegi, bjóðum við hana velkoma. Í lok maí kemur Júlíana úr námsleyfi og erum við ánægð að fá hana aftur en hún er búin að vera tvö síðustu ár í meistaranámi við Háskóla Íslands.

Starfsdagur

Þann 11. maí verður starfsdagur og leikskólinn lokaður. Starfsfólk Bergheima fer í heimsóknir á leikskólana Álfaheima og Jötunheima á Selfossi og kynnir sér starfið þar. Auk þess fer allt starfsfólk á fyrirlestur í námsefninu Lubbi finnur málbein.

Gróðursetning

Allar deildir eru farnar að huga að gróðursetningu bæði innan og utan dýra. Börnin eru búin að skreyta blómapotta og setja niður fræ sem þau vökva og hugsa um þangað til þau fara með afraksturinn heim. Kartöflur og annað grænmeti verður svo sett niður í matjurtagarðinn um leið og garðurinn er tilbúinn.

Ferð í hesthúsin

Að venju verður farið í hesthúsin í maí til að skoða nýfædd lömb og kindur, hesta, og fleiri dýr sem verða á vegi okkar. Hver deild skipuleggur sína ferð og verða valdir dagar sem vel viðrar til að fara í þessar ferðir.

Uppskeruhátíð

Samstarf hefur verið í allan vetur á milli Goðheima og 1. bekkjar grunnskólans en því lýkur núna í maí með uppskeruhátíð. Goðheimabörn og kennarar ætla að taka á móti 1. bekk ásamt kennurum í nýja salnum í leikskólanum ætla þau að syngja saman og dansa áður en þau fá sér veitingar.

Vorhátíð Foreldrafélags Bergheima

Laugardaginn 26. maí verður vorhátíð foreldrafélagsins kl. 11-13. Verður hún auglýst betur þegar nær dregur.

Hliðið-hliðið-hliðið

Kæru foreldrar ég vil biðja ykkur að muna eftir að **loka hliðinu í hvert sinn** sem þið gangið um það. Oft er mikil umferð á bílastæðinu hjá okkur og ef börnin fara út um hliðið eru þau komin beint í hættulegar aðstæður.

Á álagstíma eru oft mörg börn við hliðið að bíða eftir foreldrum sínum og vinsamlega passið vel að önnur börn laumi sér ekki út um hliðið þegar þið gangið um það.

Vikan 1.- 5. maí

- | |
|--|
| 1. maí verkalýðsdagurinn, leikskólinn lokaður . |
| 2. maí fundur foreldra 6 ára barna kl. 8.10. |
| 4. maí söngstund í sal og hvítur litadagur. |

Vikan 6. -12. maí

- | |
|--|
| 10. maí uppstigningardagur, leikskólinn lokaður . |
| 11. maí starfsdagur, leikskólinn lokaður . |

Vikan 13. -19. maí

- | |
|---|
| 16. maí vorskóli hjá elstu börnunum 13.10-15.10 |
| 17. maí vorskóli hjá elstu börnunum.13.10-15.10 |
| 18. maí söngstund í sal |

Vikan 20. – 26. maí

- | |
|--|
| 21. maí annar í hvítasunnu, leikskólinn lokaður . |
| 22. maí útskrift 6 ára barna. |
| 25. maí söngstund í sal. |
| 26. maí Vorhátíð foreldrafélagsins, auglýst nánar síðar. |

Vikan 27. maí -3. júní

- | |
|-------------------|
| 1. júní söngstund |
|-------------------|

Með kveðju

Elsa aðstoðarleikskólastjóri